

Nr. 12/1875:

Jón Ólafsson

gegn

landshöfðingja H. Finsen.

Dómur.

Með dómi, kveðnum upp fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar 19. júní 1873 af sýslumanni H. Clausen sem setudómara, er þá verandi ritstjóri blaðsins »Gönguhrólfs», Jón Ólafsson, dæmdur fyrir meiðandi sakargiptir og ummæli um landshöfðingja H. Finsen í 1. árgangi 10. tölublaði tjeðs blaðs, er út kom 26. apríl s. á., til að sæta einföldu fangelsi í 6 mánuði og til að greiða 5 rdl. sekt til Reykjavíkur fátækra sjóðs fyrir ósæmilegan rithátt, sem og líka allan af málinu löglega leiðandi kostnað, eins og það ekki hefði verið gjafsóknarmál af sækjandans hálfu, og þar á meðal 5 rdl. í málsfærslulaun til hins skipaða sóknara, Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar, eins og líka hin ákærðu meiðyrði eru dæmd dauð og ómerk. Þessum dómi hefur Jón Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 21. júní f. á., eptir þar til fengnu leyfi 18. s. m., og krafizt, að fangelsishegningin mætti burt falla, og dómurinn að öðru leyti verða mildaður sem mest mætti. Hins vegar hefur hinn skipaði talsmaður hins stefnda, er fengið hefur gjafsókn í málinu, krafizt, að dómurinn verði staðfestur, eða þá áfrýjandinn dæmdur til fyllstu fjársekta og að auki skyldaður til að greiða allan áfrýjunarkostnaðinn og þar á meðal hæfileg málsfærslulaun til sín.

Í grein þeirri í ofan nefndu blaði, er hefur fyrir sögnina »Hæstarjettardómar», getur áfrýjandinn fyrst 2 hæstarjettardóma, er þá höfðu verið nýdæmdir; er með öðrum þeirra staðfestur landsyfirrjettardómur, er dæmt hafði áfrýjandann í 100 rdl. sekt, en með hinum

er fyr verandi yfirdómari Benidikt Sveinsson dæmdur sýkn af ákærum hins opinbera ; en með landsyfjirjettardómi, er 3 undirdómarar dæmdu, þar eð hinir reglulegu dómendur höfðu vikið sæti, hafði hann verið dæmdur í 100rdl. sekt. Út af þessum síðar nefnda dómi, eða þó rjettara málshöfðuninni gegn Benidikt, tekur hann sjer tilefni til að fírást um það, hve rjettarástandið sje orðið illt hjer á landi, og endar fyr nefnda grein með þessum orðum: «þegar þekking og vitsmunir «æðri og lægri dómara á Íslandi eru á þessu stigi, og «svo bætist þar við sú mikla freisting fyrir hvern dóm- «ara til að fylgja fremur vild yfirboðara sinna en rjett- »lætinu, sem leiðir af því, að þeir verða að finna sig «alla háða landshöfðingjanum, er getur, ef hann vill, «ábyrðarlaust rægt þá frá atvinnu og embætti (hvað «dæmin sanna)—þá er sannarlega svart rjettarástand «Íslands». Þessi ummæli hefur landshöfðinginn álitíð að gæfu sjer að sök, að hann hefði beitt órjettlæti í embættisfærslu sinni, og að hann því væri skyldur að fráleggja sjer þau með dómi. Það virðist og liggja í augum uppi, að í áminnstri grein sje beinlínis borið uppá landshöfðingjann, að hann með ósönnum sakargiptum hafi haft embætti af dómara eða dómurum, og eins að hann fremur vilji láta þá fara eptir vilja sínum í dómum, en fylgja rjettlætinu. Þessar sakargiptir, er áfrýjandinn eigi hefur reynt í minnsta máta að sanna að væru á rökum byggðar, verða að álitast mjög svo ærumeiðandi, einkum þegar tillit er haft til þess, að þeim er beitt móti æðsta embættismanni landsins út af embættisfærslu hans, og það í prentuðu blaði. Undirdómarinn hefur því rjettilega heimfært brot áfrýjandans undir 218. sbr. 217. grein hegningarlaganna; en þegar haft er tillit til hins unga aldurs áfrýjandans, virðist hegningin geta fallið út til sektar til lands-

sjóðsins, er með hliðsjón af 60. grein nefndra laga virðist hæfilega metin 400 kr.; en greiðist sektin eigi í ákveðinn tíma, ber að setja hann í einfalt fangelsi í 17 vikur. Að öðru leyti ber að staðfesta undirjettardóminn, eins og áfrýjandanum einnig ber að lúka 10 krónur til dómsmálasjóðsins og allan áfrýjunarkostnað, þar á meðal 20 krónur til hins skipaða talsmanns hins stefnda fyrir yfirdóminum fyrir flutning málsins.

Að því leyti málið hefur verið gjafsóknarmál, vottast, að meðferð þess við undirjettinn hefur verið vítalaus og flutningur þess fyrir yfirdóminum lögmatúr.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn Jón Ólafsson á að greiða 400 króna sekt til landssjóðsins, eða, ef sektin eigi er greidd í ákveðinn tíma, sæta 17 vikna einföldu fangelsi. Þær að framan til greindu ærumeiðandi sakargiptir og ummæli eiga ómerk að vera. Í sekt fyrir ósæmilegan ritmáta fyrir undirjettinum borgi áfrýjandinn 10 krónur til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar og 10 krónur til dómsmálasjóðsins, svo ber honum og að greiða allan löglegan kostnað af málinu, eins og það ekki hefði verið gjafsóknarmál, þar á meðal málsfærslulaun til hinna skipuðu talsmanna hins stefnda í hjerði og fyrir yfirdóminum, Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar og Páls málaflutningsmanns Melsteðs, 10 krónur til hins fyr nefnda og 20 krónur til hins síðar nefnda.

Hið í dæmda ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.